

**Nr. 17-044 S 029 Gúmmibátur*****Björgun og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. Óskráður  
Framleiðandi: Adventure Boats, Kiev, Ukraine.  
Tegund:: Adventure Master II M 400  
Mesta lengd: 4,0 m Skráð lengd:  
Breidd: 1,6 m Dýpt:  
Vél: Utanborðsmótor, TOHATSU, 13,2 kw.  
Fjöldi skipverja: 1



Báturinn ©RNSA

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. apríl 2017 var frístundarbátur af gerðinni Adventure á handfæraveiðum 500 m vestur af Gróttu á Seltjarnanesi. Veður: SA 11 -12 m/s.

Vegna veðurs hafði bátsverjinn samband við Neyðarlínuna 112 með farsíma og bað um aðstoð. Neyðarlínan kom boðum til Vaktstöðvar siglinga sem hafði samband við nærstaddan bát Kát, sem var opinn 6 metra bátur, og boðuð voru út björgunarskipin Gróa Pétursdóttur og Þórður Kristjánsson til leitar. Skipverjar á Kát fundu bátinn en Þórður Kristjánsson tók bátsverjann um borð og bátinn í tog til hafnar í Bakkavör á Seltjarnarnesi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar bátsverjinn fór á sjó um kl. 15:00 var VSV 1,5 m/s á þessu svæði samkvæmt veðurstöð á Akranesi en þegar beðið var um aðstoð rúmlega kl. 16:00 voru komin SA 11,7 m/s samkvæmt sömu veðurstöð;
- að bátsverjinn var í þurrbúning og með björgunarvesti;
- að bátsverjinn taldi að ekki næðist að beita bátnum upp í vindinn án þess að eiga á hættu að hvolfa honum. Hann taldi bátinn of lítinn við þessar aðstæður;
- að eina fjarskiptatækið var snjallsími með snertiskjá sem reyndist illa við þessar aðstæður vegna bleytu;
- að sögn bátsverjans hafði hann skoðað veðurspá á veður.is og belgingur.is áður en hann fór úr höfn og höfðu þessir netmiðlar ekki spá svona miklu hvassviðri en samt gefið upp óróleika á þessu svæði sem hefði mátt lesa í betur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.